

16
27. marz

S A M Þ Y K K T

um

breyting á samþykkt um sýsluvegasjóð Austur-Húnavatnssýslu frá 2. apríl 1928.

11. staflíður 2. gr. orðist þannig: Vatnsdalsvegur, af Þjóðveginum vestan Vatnsdalsár hjá Klofasteini að suðvesturhorni Þingeyratúns.

Við staflíð 14 í sömu grein bætist nýr líður svo hljóðandi:

c. Af Vatnsdalsvegi að Eyjólfssaðaferju.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu hefir samið og samþykkt, samkvæmt lögum nr. 10, 20. júní 1923, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 27. marz 1931.

Tryggvi Þórhallsson.

Vigfús Einarsson.

17
27. marz

S A M Þ Y K K T

um einkasíma Múlabæjamanna í Kirkjuhvammshreppi í Vestur-Húnavatnssýslu.

1. gr.

Símar þeir, er samþykkt þessi nær til, eru: Símar frá Hvammstanga um Litla-Ós, um Múla, Gauksmýri, Efra-Vatnshorn og Neðra-Vatnshorn, Vatnshól, Núpshlíð, að Þóreyjarnúpi með hliðarálnum heim að Ytri-Völlum, þaðan að Syðri-Völlum, heim að Vigdísarstöðum og heim að Grafarkoti.

2. gr.

Símar þeir, sem taldir eru í 1. gr., skulu lagðir svo fljótt sem fé fæst til símalagningarinnar. Gerð símanna skal vera eftir tillögum landssímastjóra.

3. gr.

Afgreiðslu á síma sínum annast hver búandi á einkasímasvæðinu er síma hefir.

Símafélagið stofnar sameiginlegan sjóð, er nefnist Varasjóður Símafélags Múlabæjarmanna, skammstafað V. S. M. Úr sjóðnum skal greiða allan kostnað við viðhald einkasímalínunnar. Stjórn símafélagsins sér um viðhaldið.